

SAMÞYKKT

um umgengni og þrífnað utan húss í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

1. gr.

Eiganda eða umráðamanni húss eða mannvirkis er skylt að halda eigninni vel við, hreinni og snyrtilegri svo og tilheyrandi lóð og girðingum.

2. gr.

Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti í umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti svo sem kerrur, bílhuta, bílflök, skipsskrokka o.s.frv.

3. gr.

Óheimilt er að geyma hvers kyns drasl, bílhrae og þess háttar á lóðum þannig að það snúi að almannaferi.

4. gr.

Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki sem geymd eru á lóðum íbúðarhúsa skulu geymd á þar til gerðum stæðum sem samþykkt hafa verið af byggingaryfirvöldum.

5. gr.

Óheimilt er að geyma báta, kerrur, skráningarskyld ökutæki án skráningamerkja, tæki, vinnuvélar eða aðra hluti á bifreiðastæðum sveitarfélagsins, við götur eða á almannaferi. Heimilt er að fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörun t. d. með álfmingarmiða.

6. gr.

Telji heilbrigðisfulltrúi svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis á svæðum sbr. 5. gr. að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar.

7. gr.

Þeir, sem annast flutninga á almannaferi, skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrífnaði.

8. gr.

Eigi má haga hreinsun húsa, verslana eða búshluta þannig að leitt geti til óþrífnaðar umhverfis.

9. gr.

Um eftirlit samkvæmt samþykkt þessari fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Bessastaðahrepps og bæjarstjórna Garðabæjar, Hafnarfjarðar og Kópavogs, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 4. apríl 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

SAMÞYKKT

um hundahald í Fjarðabyggð.

1. gr.

Hundahald er bannað í Fjarðabyggð.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í bæjarfélaginu, undanþágu frá 1. grein og leyfi til hundahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklingsins og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann hund sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

Undanþágur má veita með eftirfarandi skilyrðum í þéttbýli:

- a) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús skal fylgja umsókn skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi íbúða. Í fjölbýlishúsi með sérstökum inngangi fyrir hverja íbúð skal fylgja skriflegt leyfi allra íbúðareigenda.
- b) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða árlega til sveitarsjóðs eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn setur samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Bæjarstjórn skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.
- c) Við greiðslu gjalds skv. b-lið ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að hundurinn hafi verið hreinsaður af bandormum og hringormum svo og önnur skilríki sem máli skipta. Hundar skulu færðir til hreinsunar í október til nóvember ár hvert eftir nánar auglýstum tíma. Mæti eigandi ekki með hund sinn til árlegrar hreinsunar á boðuðum tíma, ber hann sjálfur kostnað sem af því kann að leiða.
- d) Leyfishafi skal hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafyrirtæki. Váttrygging skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum.